

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 20. júní 2022
UST202205-200/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Hagi – Rangárþing ytra

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 16. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð í Haga í Rangárþingi ytra.

Í greinargerð kemur fram að innan svæðisins er gert ráð fyrir þremur byggingarreitum. Í dag er 84 m² hús á einum reitanna (A), en heimilt er að hafa þar 200 m² hús. Á reit B, er heimilt að reisa allt að fjögur 100 m² frístundahús og á reit C, er heimilt að reisa 80 m² geymslu/skemmu.

Vatn og fuglalíf

Umhverfisstofnun bendir á að byggingarreitir og framkvæmdir eru vel frá stöðuvatninu og mun tillagan því hafa óveruleg áhrif á vatnið að mati stofnunarinnar. Auk þess eru byggingarreitir fyrir utan svæði við vatnið þar sem má finna votlendisvistgerðir og mun tillagan hafa óveruleg áhrif á þær. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um áhrif tillögunnar á náttúru.

Auk þess bendir stofnunin á að skipulagssvæðið er innan mikilvægs fuglasvæðis og því mikilvægt að fjallað sé um það í tillögunni og hver áhrif tillögunnar er á fuglalífið. Mikilvægt er að mati stofnunarinnar að framkvæmdir séu fyrir utan varptíma.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur